

Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíaelði

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Brottfallinn starfsleyfisflokkur:
Fiskeldi Austfjarða hf	26.11 og 30.11.20	Berufjörður	2
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhend:	Gerð stöðvar:
520412-0930	19.03.35	Nei	Laxeldi allt að 9800 tonnum árlega.

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			Leyfið tekur til framleiðslu allt að 6000 tonna af frjóum laxi á ári. Á árinu 2019 var lífmassaaukning um 4300 tonn. Slátrað var um 4800 tonnum þar af um 1540 tonnum úr Glímeyri og tæpum 3300 tonnum úr Svarthamarsvík. Slátrun þar lauk í júní 2019. Afföll voru um 255 tonn.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Engar stórar breytingar á starfsemi í Berufirði né eru áætlaðar breytingar. Fóðurprammi var færður frá Glímeyri að Hamraborg við útsetningu þar. Flotprammi er í staðinn með fóðri á Glímeyri þar til slátrun er lokið á svæðinu.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 4.1. í starfsleyfi).	X			Skráningar eru fullnægjandi.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?		X		Ársyfirliti var skilað í grænu bókhaldi en upplýsingar voru ekki fullnægjandi. Viðbótar upplýsingar voru sendar í kjölfar eftirlits. Vöktunarniðurstöður eiga einnig að berast með ársyfirliti. Niðurstöður efnamælinga vegna sýnataka sem fóru fram í október og nóvember 2019 barst með grænu bókhaldi. Vöktunarskýrsla með botndýragreiningu vegna þessara sýnataka hefur enn ekki borist stofnuninni, 4. febrúar 2021.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíaelði

Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?	X			Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var skilað 30.4.20
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X			Starfsmenn hafa aðgang að öllum áætlunum í EQS kerfi. Áhættumat vegna bráðmengunar hafs og stranda var sent í kjölfar eftirlits 2019.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við.
Er trygging vegna bráðmengunar í gildi?	X			Í lagi.
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Áætlun vegna neyðarslátrunar hefur verið uppfærð. Samningur er við móttöku aðila um móttöku dauðfisks ef meltutankar fóðurpramma anna ekki magninu.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			Eru með AquaGap vottun og lífræna vottun frá Tún. Umhverfismarkmið eru til staðar.
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			Fóðurtölvur reikna fódurmagn og fódri blásið frá fóðurprömmum. Fóðrun stjórnað í landi á Djúpvaggi og fylgst með í myndavélum hvernig fiskurinn tekur fóður til að hámarka nýtingu þess.
Er skráning á losun fósfors og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X			Skv. útreikningum rekstraraðila frá fóðurnotkun var losun í Berufirði 5,6 kg/tonn lífmassaukningar. Efnamælingar í sýnatöku haust 2019.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíaelði

Hvernig er fylgst með uppsöfnun fódurleifa – þarf að fylgjast með? Er mikið af þörungablóma eða fugli í nágrenninu?	X			Með neðansjávarmyndavélakerfi og sýnatökum af botni. Ekki var mikið af fugli á svæðinu þegar vettvangsferðin fór fram og ekki vart við þörungablóma.
Er staðsetning kvía skv. starfsleyfi?	X			Í lagi.
Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar?	X			Þegar eftirlitið fór fram var fiskur í Glímeyri og Hamraborg, byrjað var að setja út í Hamraborg í sumar. Sex kvíar í Glímeyri, u.þ.b. 338 þús. fiskar, 4,6 kg meðalþyngd, u.þ.b. 1550 tonn . Átta kvíar í Hamraborg, u.þ.b. 1,4 milljónir fiska, meðalþyngd undir 200 g, u.þ.b. 240 tonn.
Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð?	X			Slátrun hófst í október 2019 úr Glímeyri og var ekki lokið þegar eftirlitið fór fram. Slátrun í Hamraborg hefst ekki fyrr en slátrun úr Eyri Fáskrúðsfirði er lokið. Slátrað er á Djúpavogi í Búlandstindi. Meðhöndlun slógs fellur því undir starfsleyfi vinnslunnar þar. Útsetning áætluð í Svarthamarsvík 2021, sem hefur þá verið í hvíld síðan í júlí 2019.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka?	X			Efnaælingar.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Dauðfiskur fer í meltutanka um borð í fódurprömmum. Dauðfiskur í Glímeyri er færður á pramma við Hamraborg eftir að pramminn var færður. Meltan er tekin umborð í skip og kemur ekki í land heldur fer til Noregs í fódurframleiðslu. Engin lyf eru notuð og maurusýra fyrir meltu kemur í bömbum. Plast, timbur og óflokkað sorp er tekið í landi. Funi ehf. sér um móttöku.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíaelði

Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?		X		Óljóst, þar sem niðurstöður vöktunar 2019 hafa ekki enn borist, 22. desember 2020.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.		X		Sjá ofar.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X			Hámarkslífmassasýna taka Hamraborg. RORUM sér um vöktun.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust við eftirlit 2019. Bent var á það í eftirlitinu að þegar áætlanir eru uppfærðar til þess að taka mið af breytingum í starfsemi (viðbragðsáætlun, vöktunaráætlun, neyðaráætlun, áætlun um frágang vegna tímabundinnar eða varanlegrar stöðvunar reksturs) þá séu settar á þær útgáfunúmer og dagsetning. Bent var á að skila gildi fyrir fosfór í kg /tonn framleiddan fisk.

Samantekt:	Eldi á laxi í Berufirði. Skráningar eru fullnægjandi en uppá vantar að þær skili sér í ársyfirliti rekstraraðila. Rekstraraðili skilaði inn uppfærðri vöktunaráætlun í kjölfar seinasta eftirlits. Áætlunin var tekin til frekari skoðunar hjá stofnuninni í janúar sl. og í kjölfarið var óskað var eftir frekari uppfærslu. Rekstraraðili vinnur að uppfærslu vöktunaráætlunarinnar ásamt vöktunaraðila.
Annað:	Sjá eftirlitsskýrslu.

Undirskrift eftirlitsmanns: _____

Hulda S. Jónasdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fiskeldi Austfjarða hf. Berufjörður



Dags eftirlits	30.11.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Fiskeldi Austfjarða hf.	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Nesbala 122	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5204120930	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Ólöf Rún Stefánsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlitið og tvær ábendingar eru gerðar.

Engin eldri frávik eru útstandandi, en vöktunaráætlun rekstraraðila sem var send inn til samþykktar haust 2019 var tekin til frekari skoðunar hjá stofnuninni í janúar sl. Óskað var eftir frekari uppfærslu og vinnur rekstraraðili að uppfærslu vöktunaráætlunarinnar ásamt vöktunaraðila.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Rafrænn fundur var haldinn 26. nóvember sl. þar sem farið var yfir gögn og áætlanir fyrir starfsleyfi rekstraraðila í bæði Berufirði og Fáskrúðsfirði. Þann 30. nóvember var vettvangsferð og voru aðstæður við fóðurpramma við Hamraborg og kvíastæði Glímeysi skoðaðar.

Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Áhættumat til tíðni eftirlita
- Farið yfir eldri skýrslur, frávik og úrbætur
- Umfang
 - o Lífmassi og sláturtölur
 - o Útsetningar og hvíld
- Gagnaskil og skráningar
 - o Ársyfirlit
 - o Grænt bókhald
 - o Útstreymisbókhald
 - o Vöktunarskýrslur
- Áætlanir og tilkynningar
- Skráningar, meðhöndlun og endurnýting, endurvinnsla eða förgun úrgangs
 - o Dauðfiskur/melta
 - o Lyf/spilliefni
 - o Annar úrgangur
- Skráning olúgeyma á landi skv. reglugerð nr. 884/2017.
- Aðbúnaður við kvíar og á fóðurprömmum skoðaður.

Farið var yfir framleiðslutölur, afföll, hvíldartíma, útsetningar og slátrun í Berufirði og hver staðan var við eftirlitið.

Ársyfirliti, grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var skilað saman. Ýmsar upplýsingar vantaði þó til að skilin teldust fullnægjandi m.t.t. ársyfirlits. Framleiðsla var ekki aðskilin eftir eldissvæðum, skráningar á útsetningu seiða (magn og dagsetningar) og magni og gerð úrgangs að dauðfiski undanskildum vantaði. Einnig var losun næringarefna ekki sett fram sem kg/tonn fiskjar. Rekstraraðili brást við og sendi umbeðnar upplýsingar að fundi loknum. Vöktunarskýrsla vegna botndýrarannsóknna í Glímeysi og Svarthamarsvík haustið 2019 hafur þó enn ekki borist, 4. febrúar 2021, og hefur rekstraraðili enn ekki fengið hana í hendur frá vöktunaraðila.

Frávik frá

Lýsing á frávik

gr. 4.2 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit fyrir undangengið almanaksár og senda eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirliti var skilað í grænu

bókhaldi en upplýsingarnar sem þar komu fram voru ekki næganlegar. Rekstraraðili skilaði viðbótargögnum í kjölfar eftirlits. Frávikinu telst því lokið.

ÁBENDINGAR

Eftirlitsaðili bendir á að ársyfirlit skuli framvegis innihalda þær upplýsingar sem rætt var um að vantaði, svo hægt sé að forðast frávikaskráningu vegna þess framvegis, þar sem gögnin eru til staðar.

Eftirlitsaðili bendir einnig á að niðurstöður vöktunar skulu liggja fyrir og fylgja ársyfirliti, sbr. gr. 4.2 í starfsleyfi, fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins árs. Ef vöktunarskýrsla er aðskilin ársyfirliti skal hún sent eftirlitsaðila fyrir 1. maí vegna undangengins árs.

ANNAD

Í eftirlitinu voru kynntar niðurstöður áhættumats 2019 vegna tíðni eftirlits og farið yfir þá þætti sem rekstraraðili getur haft áhrif á til hækkunar eða lækkunar tíðni eftirlits.

Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili hvattur til að nýta sér þær til ákvörðunar á losun í skráningum og ársskýrslum.

Drög að verkferili um förgun aukaafurða dýra og afleiddra afurða sem ekki eru ætlaðar til manneldis var einnig kynntur.

Farið var yfir áhersluverkefni Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda um skráningar olúgeyma á landi. Rekstraraðili sendi skráningu olúgeyma 27. nóvember sl.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 04.02.2021


Hulda Soffía Jónasdóttir

